

Stjórnarfundur Félags hrossabænda

haldinn í Bændahöllinni 26.02.2013 kl. 13

Mætt voru: Kristinn Guðnason formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Vignir Sigurðsson gjaldkeri, Magnús Jósefsson ritari, Ólafur Einarsson meðstjórnandi og Hulda G. Geirsdóttir framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Formaður setti fund sagði fréttir af **fundarferð** sem stendur hæst, fjórir fundir eftir þegar þetta er ritað. Mæting hefur verið ágæt á flestum stöðum og mikið um að vera í flestum hesthúsum sem heimsótt hafa verið, þó menn segi sölu frekar rólega.

Kristinn sagði menn jákvæða gagnvart nýju fyrirkomulagi á heilbrigðisskoðunum á kynbótasýningum. Þar verða tveir flokkar af áverkum og allir hafa málskotsrétt til dýralæknis. Læknisskoðun skuli þó fara fram innan sólarhrings svo allir sitji við sama borð, þó sýningar séu mislangar, þ.e. mislangt í yfirlit.

Hugmyndir eru uppi um mismunandi lágmark á LM fyrir klárhross og alhliðahross og verðlauna svo fimm í hvorum flokki.

Afurðamál. Slátrun gengur vel, en aðeins biðlisti á Suðurlandi þó drepin séu 160 hross á viku þar. Folaldakjötið fer nánast allt á innanlandsmarkað.

Gríðarlega mikill ásetningur á Íslandi - um 7000 folöld sett á. Þrátt fyrir að slátrun gangi vel fækkar hægt í stofninum.

Kristinn sagðist hafa reynt mikið að fá kostnað vegna tríkína sýnatöku lækkaðan, væri ekki hægt að taka stikkprufur, þarf að taka af hverjum grip? Kröfur um sýnatöku koma að utan. Kristinn mun halda áfram að vinna í málinu.

Fagráð. Gísli Gíslason er að ljúka fjögurra ára setu sinni í fagráði og þarf stjórn því að skipa nýjan mann í Fagráð til næstu fjögurra ára. Samþykkt að skipa Baldvin Ara Guðlaugsson hrossaræktanda á Efri-Rauðalæk í fagráð fyrir hönd FHB. Varamaður hans er Stefán Sveinsson á Útnyrðingsstöðum.

Jón Baldur frá WorldFeng kom til fundar og lagði fram skýrslu WF 2012. Farið yfir helstu verkefni WF og samstarf við FHB.

Skráningu í Þýskalandi ábótavant og verið að reyna að leysa þau mál. Þó hefur skráning aukist og áskrifendum fjölgað mikið. Flestir áskrifendur í Þýskalandi, einum fleiri en á Íslandi.

Rætt um tilfærslu verkefna með tilkomu RML. Skýrsluhaldið færast þangað. Þessi breyting hefur mikil áhrif á tölvudeildina og þar þarf að endurvinnna fjárhagsáætlanir ofl. vegna breytinga á tekjum og flutninga á starfsfólki. Félag hrossabænda leggur áherslu á stuðning við upprunaættbókina og telur að tryggja þurfi fjármagn til tölvudeildarinnar af búnaðarlagasamningi.

Símafundur með FT - rætt um frágang samkomulags vegna reksturs á skrifstofu FT. Sigrún, formaður FT, mun ganga frá málinu innan sinnar stjórnar og hafa samband í næstu viku.

Hestatorgið. Hulda rakti stöðu undirbúnings við torgið, búið að funda og sækja kynningu hjá Íslandsstofu. Metnaður til að gera vel á HM í Berlín, búið er að taka frá 50 fm sýningapláss og eru ýmsar hugmyndir í vinnslu um uppsetningu torgsins þar sem áhersla verður lögð á að kynna íslenska hrossarækt, hestaferðamennsku á Íslandi, Landsmót og upprunaættbókina WorldFeng.

Þróunarsjóður. Auglýst hefur verið eftir umsóknum í þróunarsjóð hrossaræktarinnar. Huldu falið að senda inn umsóknir fyrir Hestatorg á HM og til endurprentunar bæklinga/kynningarefnis.

Búnaðarþing er framundan og fóru stjórnarmenn yfir þau mál er liggja fyrir þinginu og ábendingar sem borist hafa frá félagsmönnum varðandi málefni bænda. Sigbjörn Björnsson er búnaðarþingsfulltrúi FHB og mun fylgja málum eftir.

Hulda las erindi frá **Ingibjörgu Sigurðardóttur** varðandi samstarfsaðild við styrkumsókn vegna rannsóknar á umfangi og eðli hrossaræktar og hestamennsku á Norðurlandi Vestra. Samþykkt.

Magnús rifjaði upp mál sem áður hafði verið kynnt Félagi hrossabænda, hugmyndir Bjarkar Jakobsdóttur leikkonu og hestaferða leiðsögumanns um **gerð myndar um útflutning hests** frá Íslandi og það sem við tekur. Magnús hafði haft samband við Björk og hún sagði hugmyndina á bið þar sem ekki hefði tekist að fjármagna verkefnið, a.m.k. ekki ennþá. Stjórnarmenn voru sammála um að verkefnið væri áhugavert og kannski gæti FHB komið að því með einhverjum hætti. Verður skoðað áfram.

Ræktunarmarkmið – nýr mynddiskur. Unnið er að uppfærslu á ræktunarmarkmiðsdisknum svokallaða (9,5 og 10) en Sigbjörn og Hulda vinna að verkefninu og mun því væntanlega ljúka undir vorið.

Sigbjörn sagði frá **námskeiði fyrir unga sýnendur kynbótahrossa** sem fyrirhugað er á Skeiðvöllum í apríl.

Rætt um **gæðastýringuna** og stöðu hennar - enga lagalega stoð er að finna hvað gæðastýringu í hrossarækt varðar. Hvað með framhaldið? Með breytingunum á RML osfrv.? FHB leggur áherslu á framhald gæðastýringarinnar og mun skoða hvort hægt er að gera henni hærra undir höfði. Stjórn mun skoða málið áfram.

Hulda sagði frá fyrsta fundi nefndar sem skipuð var í kjölfar aðalfundarsamþykktar til að skoða **kynbótasýningar með það að markmiði að finna leiðir til að fækka áverkum**. Nefndin hefur fundað einu sinni og fengið ýmis gögn til skoðunar. Stefnt er á annan fund fljótlega. Sæti í nefndinni tóku Sigbjörn Björnsson, kynbótadómari og hrossaræktandi á Lundum II, sem leiðir nefndina, Sigurður Sigurðarson knapi og hrossaræktandi í Þjóðólshaga, Svanhildur Hall kynbótadómari og hrossaræktandi á Holtsmúla 1, Viðar Steinarsson, hrossaræktandi á Kaldbak, Bjarni Jónasson, sýnandi og tamningamaður á Sauðárkróki og Vignir Sigurólason, dýralæknir og hrossaræktandi á Húsavík. Hulda er ritari nefndarinnar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:30.

HGG/hgg